

**Mál nr. 95/2007**

**M  
og**

**Vátryggingafélagið X v/rúðutryggingar bifreiðarinnar A**

**Skemmdir á topplúgu bifreiðar 12.03. 2007, ágreiningur um gildissvið skilmála**

**Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 08.05. 2007, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 15.05. 2007.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Topplúgugler bifreiðarinnar skemmdist, ágreiningur er um hvort rúðutrygging taki til hennar.

M telur bótaábyrgð fyrir hendi, Hann telur að allar rúður ökutækis falli undir vátryggingu bifreiðarinnar brotni þær af völdum skyndilegs óhapps eða skemmdarverka. Í því tilviki sem hér er til umræðu fékk M stein í gler á topplúgu bifreiðar sinnar frá annarri bifreið. Hann telur að þar sem topplúga sé ekki sérstaklega undanskilin í skilmálum eigi bótaábyrgð að vera fyrir hendi.

Vátryggingafélagið telur bótaábyrgð ekki fyrir hendi. Við skýringu skilmála verði að líta til 3. gr. við túlkun á gildissviði 2. gr. sömu skilmála. Í 3. gr. segir að vátryggingin taki til venjulegrar rúðu ökutækis. Ennfremur segir að sé um óvenjulega framrúðu að ræða þá eru einungis greiddar bætur sem svara til andvirði venjulegrar framrúðu. Félagið telur því að svo um bótaskyld rúðubrot geti verið að ræða þá þurfi rúðan að teljast venjuleg. Sóllúgur teljist ekki til staðalbúnaðar í bifeiðum. Félagið telur því að brot á sóllúgum sé ekki bótaskyld í skilningi skilmála. Það vísar og til þess að ekkert sé fjallað um sóllúgur í skilmálum en þar sem slíkar lúgur geti verið mjög mismunandi dýrar megi telja að fjallað hefði verið um hvernig sóllúgur væru bættar hefði það verið ætlunin að bæta slíkar lúgur við gerð skilmála. Félagið telur tjónið utan gildissviðs rúðutryggingar eins og það er afmarkað í 2. gr. 3. gr. skilmála.

**Álit.**

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum fellur brot á gleri í topplúgu ekki undir gildissvið rúðutryggingar eins og það er afmarkað í 2. og 3. gr. skilmála. Ekki er unnt að fallast á að gler í topplúgu falli undir venjulegar rúður bifreiðar. Hér er ekki um staðalbúnað að ræða heldur rúðu sem taka þarf sérstaka afstöðu til við töku þeirrar vátryggingar sem hér er til umræðu m.ö.o. óska þarf sértryggingu gegn viðbótariðgjaldi til að umrædd rúða sér vátryggð.

Bréf vátryggingafélagsins til viðskiptavina í tengslum við skilmála breytir ekki framanrituðu en í því var þess getið að við skilmála framrúðutryggingar bætist við ákvæði þess efnis að nú séu allar rúður ökutækisins bættar brotni þær af völdum skyndilegs óhapps eða skemmdarverka. Hér var fyrst og fremst átt við venjulegar rúður að því er telja verður en ekki þær sem vátryggja þarf sérstaklega.

**Niðurstaða.**

Bótaábyrgð er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 5. júní 2007

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.